

# FRAMKVÆMD STYRKJAREGLNA 2022

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar



*Greinargerð til  
borgarráðs  
FAS23040005*

## Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	2
YFIRLIT YFIR STYRKI OG SAMNINGA .....	3
ÁBENDINGAR FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐS .....	6

## INNGANGUR

Borgarráð samþykkti hinn 15. mars 2012 nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki, samstarfssamninga og þjónustusamninga og markmið, skilgreiningar og formreglur sem þar eru settar fram um styrkveitingar og gerð þessara samninga. Tilgangurinn með setningu reglnanna var að samræma meðferð styrkveitinga hjá Reykjavíkurborg og um leið að skapa tækifæri til bættrar upplýsingagjafar og eftirlits. Gert var ráð fyrir að styrkjareglur fagráða yrðu aðlagðar þessum reglum þannig að fulls samræmis væri gætt. Með nýju styrkjareglunum var líka gerð sú breyting að einungis má gera bindandi styrkjasamninga til eins árs byggða á fjárheimildum fjárhagsáætlunar. Eigi styrkur eða samningur að standa til lengri tíma ber að gera fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt síðari fjárhagsáætlunum. Þetta er meginregla hjá ríkinu. Þá er gert ráð fyrir að styrkjaafgreiðslum fagráða sé lokið eigi síðar en í lok janúar ár hvert.

Í samræmi við styrkjareglurnar skal fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS) árlega taka saman greinargerð fyrir borgarráð um styrkveitingar, samstarfssamninga og þjónustusamninga og hvernig til hefur tekist að ná markmiðum borgarinnar. Greinargerð þessi byggir á gögnum úr fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar (Agresso).

Árið 2022 er tíunda heila árið sem reglurnar gilda. Undanfarin ár hefur verið unnið að ýmsum minniháttar umbótum eftir því sem reynslan hefur kallað á. Almennt virðist framkvæmd á upphaflegum styrkjareglum komin í gott horf og unnið hefur verið ötullega á öllum sviðum að fullnægja þeim kröfum og formreglum sem settar voru með styrkjareglunum. Er það mikil breyting frá því sem áður var og almennt má álykta út frá svörum undanfarin ár að reglum um styrki, samstarfssamninga, þjónustusamninga og rekstrarsamninga sé vel fylgt eftir á öllum sviðum og reglum framfylgt eins og lagt er upp með.

Breytingar sem gerðar voru á reglunum með samþykkt borgarráðs 26. maí 2016 þar sem gerðar voru kröfur um kyngreind gögn er komin til framkvæmda skv. þeim upplýsingum sem borist hafa frá sviðum og miðlægum skrifstofum undanfarin ár.

Reykjavík, 13. apríl 2023.



Haldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

## YFIRLIT YFIR STYRKI OG SAMNINGA

Í meðfylgjandi yfirlitum eru teknar saman samtölur styrkja, samstarfssamninga og þjónustusamninga eftir sviðum. Litið er á samninga við íþróttafélög sem samstarfssamninga og samninga við einkarekna leik- og grunnskóla sem þjónustusamninga. Samningar við Strætó bs. og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins eru flokkaðir sem þjónustusamningar en þeir falla ekki undir þessar reglur. Jafnframt eru tekin saman óafturkræf stofnframlög en þau komu fram í skýrslu FMS 2017 en höfðu ekki fram að því komið fyrir áður við vinnslu samantektar um styrki og samninga. Engin slík stofnframlög hafa verið veitt á árunum 2018 -2022.


Jafnframt fylgja með samtölur yfir styrkveitingar í formi fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta en þessar styrkveitingar eru undanþegnar styrkjareglum enda gilda sérreglur um þær.

Greitt var á grundvelli mörg hundruð samninga á árinu 2022 sem nánast allir eru skannaðir og vistaðir í fjárhagskerfinu (Agresso).

### Styrkir á árinu 2022

Alls voru greiddar um 1.088,8 mkr vegna styrkveitinga og skiptust styrkfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum:


YFIRLIT YFIR STYRKJÁRHÆÐIR Á ÁRINU 2022	
Svið	Styrkfjárhæðir 2022
Íþrótt- og tómstundasvið	66.156.388
Menningar- og ferðamálasvið	501.875.058
Mannréttindaskrifstofa	7.020.000
Skóla- og frístundasvið	20.947.101
Umhverfis- og skipulagssvið	45.744.554
Velferðarsvið	270.875.874
Borgarráð; styrkir og samn. ÖNN	176.199.784
<b>Samtals</b>	<b>1.088.818.759</b>



## Samstarfssamningar á árinu 2022

Alls voru greiddar tæpar 9.751,3 mkr vegna samstarfssamninga á árinu 2022 og skiptust samningsfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum. Inni í þessum tölum eru framlög vegna innri leigu ÍTR, SFS og VEL.


SAMNINGSFJÁRHÆÐIR SAMSTARFSSAMNINGA Á ÁRINU 2022	
Svið	Samn.fjárhæðir 2022
Íþrótt- og tómstundasvið	3.829.119.487
Menningar- og ferðamálasvið	2.447.460.143
Mannréttindaskrifstofa	0
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	37.793.373
Skrifstofur SBO og SBS	3.956.000
Skóla- og frístundasvið	1.737.221.645
Umhverfis- og skipulagssvið RK	920.581.617
Velferðarsvið	737.359.031
Borgarráð	37.800.000
<b>Samtals</b>	<b>9.751.291.296</b>



**Þjónustusamningar á árinu 2022**

Alls voru greiddar um 12.904,1 mkr vegna þjónustusamninga. Inn í þeirri tölu eru framlög vegna sjálfstætt starfandi skóla og leikskóla SFS. Samningsfjárhæðir skiptust þannig eftir sviðum/málaflokkum:

SAMNINGSFJÁRHÆÐIR ÞJÓNUSTUSAMNINGA Á ÁRINU 2022	
Svið	Samn.fjárhæðir 2022
Íþróttta- og tómstundasvið	4.000.000
Skóla- og frístundasvið	5.527.261.012
Velferðarsvið	2.990.754.870
Framlag til Strætó og SHS	4.382.124.309
<b>Samtals</b>	<b>12.904.140.191</b>
Óafturkræf stofnframlög	0
Fjárhagsaðstoð ofl. VEL	4.314.158.688
<b>Samtals</b>	<b>4.314.158.688</b>



Samningsbundnar greiðslur (framlög) vegna Strætó bs. og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. eru flokkaðar hér með þjónustusamningum en falla ekki undir ofangreindar reglur.

**Aðrir styrkir/samningar áður ótaldir**

Greiðslur vegna velferðarmála á árinu 2022 vegna fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta heyra ekki undir hefðbundnar styrkjareglur en námu um 4.314,1 mkr.

**Heildargreiðslur á árinu 2022**

Heildargreiðslur á árinu 2022 vegna styrkja, samstarfssamninga og þjónustusamninga auk styrkveitinga vegna velferðarmála, styrkja vegna innri leigu ofl. námu um 28.058,4 mkr. og hækkuðu um rúmar 2.839 mkr eða um 11,26% frá árinu 2021.

HEILDARFJÁRHÆÐIR SAMNINGA Á ÁRINU 2022	
Svið	Samn.fjárhæðir 2022
Íþróttá- og tómstundasvið	3.899.275.875
Menningar- og ferðamálasvið	2.949.335.201
Mannréttindaskrifstofa	7.020.000
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	37.793.373
Skóla- og frístundasvið	7.285.429.758
Umhverfis- og skipulagssvið	966.326.171
Velferðarsvið	8.313.148.463
Borgarráð; styrkir og samningsb.	4.600.080.093
Óafturkræf stofnframlög	0
<b>Samtals</b>	<b>28.058.408.934</b>

**Skipting heildarfjárhæðar eftir flokkum**

Skipting heildarfjárhæðar til styrkja, samstarfssamninga, þjónustusamninga, framlaga vegna innri leigu, framlaga vegna sjálfstætt starfandi skóla og leikskóla og fjárhagsaðstoðar VEL vegna ársins 2022, alls 28.058,4 er eftirfarandi

Skipting heildarfjárhæðar 2022	
Styrkir	1.088.818.759
Samtarfssamningar	7.260.746.221
Þjónustusamningar	9.157.084.608
Framlög vegna innri leigu	2.490.545.075
Framlög v. sjálfst.starfandi skóla og leiksk.	3.747.055.583
Fjárhagsaðstoð VEL	4.314.158.688
<b>Samtals</b>	<b>28.058.408.934</b>

**Breyting frá 2021**

Styrkir	-37.191.499
Samtarfssamningar	763.147.178
Þjónustusamningar	875.869.924
Framlög vegna innri leigu	214.972.880
Framlög v. sjálfst.starfandi skóla og leiksk.	270.113.621
Fjárhagsaðstoð VEL	752.167.472
<b>Samtals</b>	<b>2.839.079.576</b>

## ÁBENDINGAR FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐS

Það er ljóst að mjög miklar breytingar hafa átt sér stað undanfarin ár vegna framkvæmda styrkjareglna og það er mat FAS að skýrar markmiðssetningar, skilgreiningar og formreglur um styrkveitingar, gerð samstarfsamninga og gerð þjónustusamninga í styrkjahandbókinni hafi skapað nýjan og traustari grunn fyrir samræmdri málsmeðferð hjá Reykjavíkurborg.

Allir samningar eru skráðir og aðgengilegir í Agresso fjárhagskerfi með upplýsingum um ábyrgðaraðila þeirra, gildistíma ofl. Athugasemdir sem gerðar hafa verið undanfarin ár varðandi gildistíma örfárra samninga virðist alls staðar hafa verið leiðréttur.

Góð vinnubrögð, verklag og utanumhald einkennir framkvæmd styrkjareglna og meðhöndlun samninga hjá sviðum og skrifstofum og hefur tekið breytingum á fáum árum. Af þessu leiðir að aðgengileiki að gögnum hefur batnað og eftirlit sömuleiðis. Áframhaldandi þróun að þessu leyti mun leiða til enn betri upplýsingagjafar. Þannig virðist megintilgangur reglna um styrkjamálin hafa gengið eftir.

Árið 2020 var skipaður starfshópur um styrkjareglur og meðhöndlun styrkja sem hafði það hlutverk að samræma umsóknarferli og regluverk um úthlutanir styrkja, tryggja sýnileika styrkumsókna og auka gagnsæi styrkveitinga. Eitt af því sem talið er mikilvægt að bæta er að upplýsingar um styrki og styrkveitingar séu aðgengilegar á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Einnig að bæta og samræma verklag við móttöku umsókna, skráningu og vinnslu gagna, fækka vinnsluskrefum og minnka handavinnu vegna styrkjaúthlutana. Þá vann starfshópurinn að því að endurskoða framsetningu á styrkjareglum til þess að gera þær einfaldari og aðgengilegri fyrir utanaðkomandi aðila. Stendur sú vinna enn yfir. Auk þessa er til skoðunar athugasemdir sem borist hafa undanfarin ár s.s. að:

- Samræma enn betur verklag um birtingu og framsetningu upplýsinga um styrkþega og samstarfsaðila á vef Reykjavíkurborgar.
- Rýna hvort upplýsingar sem óskað er eftir í umsóknareyðublaði varðandi kyngreind gögn uppfylli kröfur styrkjareglna og hvort nægilegar kröfur eru gerðar í reglunum svo að söfnun slíkra gagna nýtist með hliðsjón af markmiðum Reykjavíkurborgar og með hvaða hætti megi bæta söfnun og vinnslu þeirra upplýsinga sem er aflað.
- Rýna upplýsingagjöf og aðgengi þeirra sem sækja um styrk á öðru tungumáli en íslensku.
- Rýna úthlutun úr hverfissjóðum og hvernig unnt er að gera þær skýrari og gagnsærri en í dag.

Breytingar sem gerðar voru á reglunum, með samþykkt borgarráðs 26. maí 2016, þar sem gerðar voru kröfur um kyngreind gögn eru komnar til framkvæmda skv. þeim upplýsingum sem borist hafa frá sviðum og miðlægum skrifstofum undanfarin ár. Enska útgáfa umsóknareyðublaðs um styrki hefur einnig verið uppfærð til samræmis við þær kröfur sem reglurnar segja til um. Þá er stefnt að því að þýða upplýsingasíðu vegna styrkja yfir á pólsku á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Drög að nýjum samræmdum reglum eru í vinnslu og verða lagðar fyrir borgarráð til samþykktar eftir frekari yfirferð fagsviða en reglunum er ætlað að einfalda alla samræmingu og gagnsæi við styrkjaúthlutanir. Undirbúningur undir nýjan miðlægan styrkumsóknarvef er í höndum ÞON og er í fullri vinnslu þar í samstarfi við FAS.